

SAMSKIPTA- OG SAMRÆÐUNAMSKEIÐ MSHA

Upplýsingar og skráningar á námskeiðin okkar skólaárið 2023-2024



Samskipta og samræðunámskeið MSHA skólaárið 2023-2024

Skólaárið 2023-2024 bjóðum við upp á fjögur samskipta- og samræðunámskeið sem öll verða haldin á netinu. Námskeiðin eru tilvalin fyrir kennara eða aðra sem starfa með nemendum og vilja efla samræðu- og samskiptafærni þeirra.

Í þessum kynningarbæklingi finnið þið upplýsingar um fyrirkomulag námskeiðanna fjögurra; Krakkaspjall (1.-5. bekkur), Félagaspjall (6.-8. bekkur), Unglingaspjall (8.-10. bekkur) og Samskipti stúlkna-leið til lausna (6.-10. bekkur), ásamt slóð á skráningu.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Ingadóttir, netfang:
sigriduri@unak.is

SAMSKIPTA- OG SAMRÆÐU
NÁMSKEIÐ SKÓLAÁRIÐ 2023-
2024:

KRAKKASPJALL
25. SEPTEMBER 2023

SAMSKIPTI STÚLKNA
31. OKTÓBER 2023

FÉLAGASPJALL
17. JANÚAR 2024

UNGLINGASPJALL
6. FEBRÚAR 2024

Nokkrar umsagnir frá þátttakendum

„Uppbyggilegt, áhugavert og sjálfstýrkjandi.“

„Flott að fá aðgang að svona hagnýtu efni til að vinna með samskipti.“

„Það var rosa gott að hittast 2x á námskeiðinu, fyrst til að leggja inn efnið og svo aftur til að skoða hvernig gekk með að keyra námskeiðið með nemendum.“

„Verkefninu fylgdi mjög góð handleiðsla frá höfundu og skýr fyrirmæli fylgdu öllum fundum. Það er ómetanlegt fyrir upptekna kennara. Mjög áhugavert og skemmtilegt verkefni.“

Námskeið á netinu- því geta allir verið með hvar sem er á landinu!

Öll námskeiðin eru eins uppbyggð, þ.e. tveir námskeiðsdagar með nokkurra mánaða millibili. Fyrirlestrar eru á netinu og þátttakendur geta hlustað á þá þegar þeim hentar. Viku eftir að námskeiðið byrjar þá hittast þátttakendur og námskeiðshaldari í rauntíma á zoom í tvær klukkustundir. Þetta á bæði við um fyrri og seinni námskeiðsdag. Allt námsefni fyrir þátttakendur er aðgengilegt á námskeiðssíðu námskeiðsins.

Námskeiðin verða þessa daga haustið 2023 og vorið 2024:

Krakkaspjall: 25.09.2023. Skráning fer fram [hér](#)

Samskipti stúlkna: 31.10.2023. Skráning fer fram [hér](#)

Félagaspjall: 17.01.2024. Skráning fer fram [hér](#)

Unglingaspjall: 06.02.2024. Skráning fer fram [hér](#)

Samskipta- og samræðunámskeiðin okkar hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár meðal starfsfólks í grunnskólum landsins. Markmiðið með námskeiðunum er að færa starfsfólki grunnskóla góð verkfæri til þess að vinna með nemendahópum með það að markmiði að efla samskipta- og samræðuhæfni nemenda.

Á námskeiðinu fá þátttakendur námsefni og aðgang að ráðgjafa á meðan á námskeiðinu stendur.

Nokkrar umsagnir frá þátttakendum um ávinning fyrir nemendur

„Þau [nemendur] læra að tjá sig. Taka tillit hinna, bæði þegar aðrir eru að tala og eru ekki að dæma hvað hinir segja.“

„Nemendur hafa fengið aukna færni í að tjá sig og nota mikið "frasa" úr efninu og þá kemst mjög vel til skila hjá þeim þar sem þau geta öll tengt í efnið.“

„Krakkarnir fóru að sjá styrkleika sína og lærðu að styrkleika sé hægt að nýta í félagslegum samskiptum.“

„Nemendur voru meðvitaðri um samskipti og sýndu á einhvern hátt meira umburðarlyndi gagnvart bekkjarfélögum.“

GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR

Skráning á samræðu - og samskiptanámskeiðin okkar stendur yfir og lokar fyrir hana viku áður en námskeiðin hefjast.

Verð: 54.000 kr. á mann fyrir hvert námskeið.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigríður Ingadóttir, sérfræðingur á MSHA.